

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

Breytt deiliskipulag, miðbæjarsvæði M1 – Strandvegur 51.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar samþykkti 14. september 2023 nýtt deiliskipulag fyrir lóð við Strandveg 51. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir stækkun byggingarreits, auknu byggingarmagni og viðbætti 4. hæð á Strandvegi 51. Grunnflötur byggingarinnar stækkar, en hann er nú 334,6 m² en verður 514,6 m². Heildar byggingarmagn er 514,6 m² en verður 1.432 m².

Þakform er með breyttum hætti; var mænispak, en verður nú einhalla þak. Skilgreind er hámarks veggshæð þriðju hæðar 9,5 m. Fjórða hæð er inndregin um að lágmarki 1,2 m og verður hámarkshæð fjórðu hæðar 14,0 m, en í gildandi skipulagi var hámarkshæð mænispaks 14,5 m.

Hámarksfjöldi íbúða verður 8. Krafa um atvinnustarfsemi á jarðhæð helst óbreytt, en á hluta hæðarinnar er gert ráð fyrir bílastæðahúsi fyrir 4 bíla. Samkomulag hefur verið gert um almenna notkun á bílastæðum við Strandveg 50 utan dagtíma.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja, 8. janúar 2024,

Dagný Hauksdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 22. janúar 2024